

# Skólaráð Naustaskóla

8. fundur ársins 2015 þann 21. október 2015

## Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir, Áshildur Hlín Valtýsdóttir og Anna Steinunn Þengilsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Jósavinsdóttir, Inga Vala Magnúsdóttir.

## Dagskrá og afgreiðslur:

Í byrjun fundar var Anna Steinunn Þengilsdóttir, nýr fulltrúi hverfisnefndar, boðin velkomin til starfa.

### 1. Skólanámskrá – Starfsáætlun 2015-2016

Ekki voru gerðar athugasemdir við Starfsáætlunina á fundinum, fulltrúum er hins vegar ætíð frjálst að koma með ábendingar eða óska eftir umræðu um einstaka þætti.

### 2. Matsáætlun

Tekið til umræðu skv. áætlun. Sömu liðir eru lagðir til grundvallar varðandi mat á skólastarfinu og undanfarin misseri, kannanir Skólapúlsins eru umfangsmesta upplýsingaöflunin en einnig rýnt í niðurstöður prófa og skimana, notast við ýmsa gátlista o.fl. Gerð er grein fyrir þessari upplýsingaöflun í starfsáætlun og úrvinnslu að hluta í ársskýrslum og á heimasíðu.

### 3. Heimanám

Tekið til umræðu skv. áætlun. Í samræmi við umræður á síðasta fundi er nú lögð aukin áhersla á eftirfylgd með lestri í flestum námshópum, farið að ganga eftir ökvittunumöpp upp í 7. bekk en eftir að útfæra þetta nánar á unglíngastiginu, spurning um rafrænar skráningar þar og að nemendur sjálfir taki ábyrgð á skráningum, þarf að ákveða þátt foreldra í því. Umræður um form á ökvittunumöpp e. bókum og blöðum sem nýtt eru í því skyni. Ákveðið að kalla eftir útfærslum hvers kennsluteymis fyrir sig á heimanámsstefnunni, þ.e. taka saman hvernig hún er útfærð í starfsáætlunum teymanna og fá nánari upplýsingar um framkvæmdina. Föllum svo yfir þessi gögn á næsta fundi og ákveðum hvort þörf sé á að útfæra stefnuna nákvæmar fyrir hvert aldurstig.

### 4. Starfshættir nemendaverndarráðs.

Tekið til umræðu skv. áætlun. Engar athugasemdir.

### 5. Fjárhagsáætlun.

Tekið til umræðu skv. áætlun. Unnið er að fjárhagsáætlunargerð, litlar breytingar hvað varðar Naustaskóla nema að stöðugildi aukast í samræmi við áætlaða aukningu nemendafjölda og gert er ráð fyrir dálitlum fjármunum til endurnýjunar tölvubúnaðar.

### 6. Framkvæmdamál.

Vangaveltur um hvort verði af framkvæmdum við skólalóðina næsta sumar. Leitast hefur verið við að beita ákveðnum þrýstingi og nú kemur í ljós hvort það hafi dugað til að tryggja að af framkvæmdinni verði en skólaráð leggur sem fyrr þunga áherslu á það. Framkvæmdir eru að fara af stað á nýjan leik við íþróttahúsið og á þeim að vera lokið 1. apríl nema frágangi gólfs sem hefst væntanlega þá og verður lokið fyrir haustið. Framkvæmdirnar snerta skólastarfið lítt nema að á næstunni þarf að loka fyrir innganginn við eldhúsið í einhvern tíma meðan lokið er við gerð fatahengis og salerna þar. Lögð er áhersla á að staðið verði þannig að verki að sú lokun verði eins stutt og framast er unnt.

### 7. Önnur mál

#### a) Ferðasjóður 10. bekkjar

Umræður í framhaldi af því að ónóg yfirsýn yfir fjáröflun síðasta vetrar olli því að í haust kom í ljós halli á söfnuninni. Allir aðilar sammála um að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki og er unnið í anda þess. Á næsta fundi mun skólastjóri leggja fram drög að reglum varðandi fjáröflunina. Fundarmenn

sammála um að þar skuli m.a. kveðið á um að ef afgangur verði af sjóði þá gangi hann til næsta árgangs (miðað sé við að það sé ca 50 þús kr) og hugsanlega gjöf til skólans. Leitað verður eftir fyrirmynd að reglum hjá öðrum skólum bæjarins. Málið tekið upp að nýju á næsta fundi.

**b) Gæsla á sparkvelli**

Umræður um gæslu á sparkvelli, ekki síst hjá allra yngstu nemendunum. Virðist þörf á samræmdari gæslu á vellinum og skýrari reglum. Umræður um hvort mögulegt sé á meiri sérhæfingu í þessari gæslu, hvort mögulegt sé að virkja elstu nemendurna o.fl. Stjórnendur taka til skoðunar.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 5. nóvember kl. 15:00 og verður boðað til hans með dagskrá með viku fyrirvara.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð